



Reykjavík, 15. júlí 2024

USK24040274

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 24. apríl 2024, var lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stöðu á færanlegum leikskólaeiningum Ævintýraborga, sbr.30. liður umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 24. apríl 2024.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Fulltrúi flokks fólksins óskar upplýsinga á hver staðan er á framkvæmdum á byggingum færanlegra leikskólaeininga, ævintýraborga. Einnig er óskað upplýsinga um framgang viðgerða og viðhalds á leikskólabyggingum sem eru með myglu og raka.

Greinargerð fylgir fyrirspurn:

Ástandið í leik- og daggæslumálum borgarinnar er óásættanlegt. Enginn mótmælir því, ekki einu sinni meirihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur. Fyrst þegar hugmyndin um hinar svokölluðu ævintýraborgir, hreyfanlegir einingarleikskólar, var lögð á borð borgarstjórnar fylltust allir von og trú um að nú væri að nást utan um þennan gamla gróna vanda sem er hvað áþreifanlegastur á haustin. Mikil fjölgun hefur verið á umsóknum og má rekja vandann helst til húsnæðisleysis og manneklu. Ekki liggur fyrir hver staðan er á þessum framkvæmdum og hvenær hreyfanlegir einingarleikskólar verða komnir í notkun. Einnig er ekki ljóst hvenær viðgerðum verður lokið á þeim leikskólum sem dæmi hafa verið ónothæfir vegna myglu og raka. Vitað er að miklar tafir er á þessum framkvæmdu. Foreldrum hefur ýmist verið lofað leikskólaláss fyrir börn sín í leikskólum sem ekki hafa verið byggðir eða þeir eru á biðlista með börn sín um ókomna tíð vegna myglu og eða mannekluvanda. Vandinn hefur aldrei verið eins áttakanlegur og nú. Störf í leikskóla eru ekki eftirsótt, alla vega ekki nógu eftirsótt. Launin eru léleg og álag mikið. Hvað fór úrskeiðis með Brúum bilið verkefnið og með þessar færanlegu einingar?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 8. maí 2024.



Reykjavík



Svar við fyrirspurn:

Staðan á framkvæmdum á byggingum færanlegra leikskólaeininga er eftirfarandi:

Leikskóli	Staðan
Ævintýraborg við Eggertsgötu	Lokið
Ævintýraborg við Nauthólsveg	Lokið, lokafrágangur lóðar klárast haust 2024
Ævintýraborg við Vogabyggð	Lokið
Ævintýraborg við Vörðuskóla	Í undirbúning, klárast 2024

Nánari upplýsingar um nýja leikskóla og Ævintýraborgir má finna á vefsíðu Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/nyir-leikskolar>

Varðandi stöðu framkvæmda þá er bent á framkvæmdasíðu Reykjavíkurborgar:

<https://reykjavik.is/framkvaemdir>

En þar má finna helstu upplýsingar um stöðu og framvindu framkvæmda.

*Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds*



Reykjavík